

## Minnisblað um fyrirhugaða endurskoðun stjórnarskrár

Frá forsætisráðherra

Til formanna allra flokka sem sæti eiga á Alþingi

23. febrúar 2018

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir: „Ríkisstjórnin vill halda áfram heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar í þverpólítísku samstarfi með aðkomu þjóðarinnar og nýta meðal annars til þess aðferðir almenningssamráðs. Nefnd um málið mun hefja störf í upphafi nýs þings og leggur ríkisstjórnin áherslu á að samstaða náist um feril vinnunnar.”

Forsætisráðherra leggur til eftirfarandi feril í ljósi þessa fyrirheits í stjórnarsáttmála og samskipta milli formanna flokkanna og fulltrúa þeirra á síðasta kjörtímabili.

**Framtíðarsýn:** Núgildandi stjórnarskrá verði endurskoðuð í heild á þessu og næsta kjörtímabili. Markmiðið er að þegar þessari heildstæðu yfirferð er lokið endurspegli íslenska stjórnarskráin sem best sameiginleg grunnildi þjóðarinnar og renni traustum stoðum undir lýðræðislegt réttarríki þar sem vernd mannréttinda er tryggð.

Heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar verði áfangaskipt. Allir flokkar sem sæti eiga á Alþingi vinni sameiginlega að því að fara skipulega og heildstætt yfir stjórnarskrá lýðveldisins og tillögur sem fram hafa komið á undanförunum árum með það fyrir augum að vinna að breytingartillögum sem lagðar yrðu fyrir Alþingi hverju sinni sem breiðastri sátt að undangengnu víðtæku samráði.

**Forsendur:** Hliðsjón verður höfð af þeirri miklu vinnu sem lögð hefur verið í endurskoðun á undanförunum árum, sbr. t.d. þjóðfund, stjórnlaganefnd og stjórnlagaráð auk starfa stjórnarskrárnefnda 2005-2007 og 2013-2016, þeirri miklu samfélagslegu umræðu sem átt hefur sér stað, umræðu og nefndavinnu á Alþingi auk afstöðu kjósenda að því marki sem hún hefur þegar komið fram.

Sú áætlun sem hér er lögð fram er metnaðarfull og felur í sér skuldbindingu um heildarendurskoðun á afmörkuðu tímabili. Ekki er fyrirfram gefið hvaða málefni eru þess eðlis að þörf sé talin á breytingum eða að samstaða náist um þær. Áætlunin mun sæta reglulegri endurskoðun varðandi til dæmis röð viðfangsefna, tilhögun vinnu og tímafresti.

### Röð sem málefni verða tekin fyrir í:

1. Á tímabilinu **2018-2021** verða tekin fyrir eftirfarandi viðfangsefni: Þjóðareign á náttúruauðlindum, umhverfis- og náttúruvernd, þjóðaratkvæðagreiðslur að frumkvæði hluta kjósenda eða minnihluta þings, framsal valdheimilda í þágu alþjóðasamvinnu, II. kafli stjórnarskrárinnar um forseta lýðveldisins og meðferð framkvæmdarvalds og loks ákvæði um hvernig stjórnarskránni verði breytt.
2. Á tímabilinu **2021-2025** verða tekin fyrir: Kaflar stjórnarskrár um Alþingi, m.a. um fjárstjórnarvald þess, Alþingiskosningar og dómstóla, þ.e. III. IV. og V. kafli, ákvæði um þjóðkirkjuna, mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, og inngangsákvæði, þ.e. I. VI. og VII. kafli og önnur efni sem ekki hafa þegar verið nefnd.

### Nánar um tilhögun vinnu:

**Formenn** allra flokka eða fulltrúar þeirra sem sæti eiga á Alþingi **fundu** að minnsta kosti ársfjórðungslega til að leggja stærstu línur um framgang verkefnis. Forsætisráðherra boðar fundina og stýrir þeim.

Forsætisráðherra velur **verkefnisstjóra**. Verkefnisstjórinn hefur heildaryfirsýn yfir verkefnið og tengir saman helstu aðila sem að því koma. Hann er málsvari verkefnisins og leitast við að tryggja skilvirkan framgang þess. Hann starfar í umboði forsætisráðherra, er tengiliður milli ráðherra og sérfræðinganefndar og nýtur aðstoðar skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu.

Forsætisráðherra skipar **nefnd sjö sérfræðinga** að höfðu samráði við formenn annarra flokka eða fulltrúa þeirra sem aðstoðar við samningu umræðuskjala og frumvarpa og tekur þátt í samráði og kynningu.

Reglulegt samráð verður haft við **stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd** Alþingis.

Allt kapp verður lagt á að starfið verði gagnsætt og haft verði **viðtækt samráð** við almenning. Nánar verður fjallað um það í upphafi starfsins. Leitað verði leiða til að virkja almenning til þátttöku, meðal annars með rökræðukönnunum.

Lagt er til að vinnulag verði í stórum dráttum þannig að útbúið verði **umræðuskjal um hvert viðfangsefni** þar sem það er greint, farið í gegnum fyrirbyggjandi tillögur (stjórnlagaráð, stjórnlaganefnd, stjórnarskrárnefndir o.fl.), þær metnar, bornar saman við alþjóðlega reynslu og valkostir settir fram ef ástæða þykir til. Síðan verði efnt til opinns samráðs um viðkomandi skjal, t.d. með því að skipuleggja markvissa umræðufundi um land allt. Upplýsingamiðlun verður á vefgáttinni [www.stjornarskra.is](http://www.stjornarskra.is) og þar verður miðlað upplýsingum um ferlið sjálft og þá áfanga sem nást. Hugað verður að því að upplýsingamiðlun verður einnig á ensku. Því næst leggi forsætisráðherra, að höfðu samráði við aðra formenn flokkanna eða fulltrúa þeirra, **erindisbréf fyrir sérfræðinganefnd um nánari útfærslu** á viðkomandi málefni í samræmi við leiðsögn formanna flokka eða fulltrúa þeirra. Sérfræðinganefndin semji **frumvarp** á þeim grunni. Ef formanna- eða fulltrúahópurinn fellst á frumvarp verði það kynnt opinberlega, umsögn fengin frá **Feneyjanefndinni** og eftir atvikum lagfæringar gerðar í kjölfar samráðs. Frumvarp/frumvörp verði svo lagt fram á **Alþingi** á síðasta haustþingi kjörtímabils.

Efnt verður til almenningssamráðs um land allt.

Eftir eðli málsins hverju sinni verður skoðað hvort efnt verði til **þjóðaratkvæðagreiðslu** um einstök frumvörp, annað hvort í formi ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða alþingiskosningum eða í formi bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu í lok ferlis (gildistaka frumvarps væri þá háð því að það hlyti samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu).

## Dæmi um feril tiltekins viðfangsefnis – forseti og framkvæmdarvald

